

Stofnanasamningur

Háskóla Íslands og Félags háskólakennara (Fh)

Forsendur röðunar starfa við Háskóla Íslands samkvæmt ákvæðum
kjarasamnings Félags háskólakennara og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs,
dags. 12. apríl 2023

1. KAFLI

Almennar forsendur

1.1 Gildissvið

Stofnanasamningur þessi byggir á grein 11.3 í kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og Félags háskólakennara hins vegar, dags. 3. janúar 2020. Samningurinn nær til allra starfsmanna Háskóla Íslands sem njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningi aðila svo og þeirra sem eru í leyfi, launuðu eða launalaus, fæðingarorlofi eða veikindaleyfi.

1.2 Röðun starfa í launaflokka

Störfum skal raðað í launaflokka í samræmi við eðli starfs og starfslýsingu. Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafi áhrif á laun og með hvaða hætti, skal hafa ígildi vísireglu gagnvart öðrum starfsmönnum í sambærilegum störfum svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

1.2.1 Störf akademíks starfsfólks, sem og aðjunkta 1 og nýdoktora eru metin til stiga samkvæmt Matskerfi opinberra háskóla sem staðfest er af matskerfisnefnd, kaflí 2.

1.2.2 Stjórnslu-, þjónustu- og sérfræðistörf eru metin til stiga samkvæmt starfsmatskerfinu SKREFi, kaflí 3.

1.2.3 Um launaröðun aðjunkta 2, tímabundinna starfa og meistara- og doktorsnema er fjallað í kafla 4.

1.3 Forsendur launaröðunar og rökstuðningur

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað í launaflokk miðað við fyrirliggjandi forsendur um röðun, á hann rétt á því að fá forsendur röðunar sinnar gefnar upp og rökstuddar, sem og endurmetnar ef ástæða þykir til. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar (samráðsnefndar um kjaramál eða sambærilegrar nefndar) skv. 11. kafla kjarasamnings Félags háskólakennara við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, dags. 12. apríl 2023.

GN
BZ

2. KAFLI

Akademískir starfsmenn, aðjunktur 1 og nýdóttorar *launatafla akademískra nr. 696 (A)*

2.1 Forsendur röðunar starfa við rannsóknir og kennslu

Um er að ræða störf nýdóttora, aðjunktur 1, lektora/sérfræðinga, dósentar/fræðimanna og vísindamanna, sem og rannsóknalektora, rannsóknadósentar og rannsóknaprófessora. Með *rannsókn*um er átt við sjálfstæðar rannsóknir þar sem starfsmaður beitir kunnáttu sinni og hæfileikum til nýsköpunar og þekkingar með það að markmiði að birta árangur af starfi sínu í fræðiritum eða með öðrum viðurkenndum hætti.

2.2 Starfsskyldur kennara og sérfræðinga

Starfsskyldur kennara við Háskóla Íslands skiptast í þrjá meginþætti: Rannsóknir, kennslu og stjórnun. Starfsskyldur starfsmanna sem eingöngu eru ráðnir til vísinda- og fræðistarfa skiptast í rannsóknir, stjórnun og önnur störf. Um vægi starfsþátta, undantekningar frá almennum starfsskyldum og ákvarðanir um rannsóknamissari, fer samkvæmt reglum sem Félag háskólakennara og Háskóli Íslands koma sér saman um og hlotið hafa samþykki háskólaráðs.

2.3 Röðun í launaflokka og viðmiðunarkröfur um stigafjölda

Á grundvelli mats og uppsafnaðra stiga skal færa kennara og sérfræðinga á milli launaflokka. Vegna þess skal árlega meta árangur í starfi m.t.t. einstakra starfsþátta skv. staðfestu kennsluuppgjöri og rannsóknaskýrslu, sbr. Matkerfi opinberra háskóla Mati skal lokið fyrir 1. september ár hvert og gildir launaflokkahækkun frá sama tíma.

2.4 Launaröðun

2.4.1 launaröðun aðjunktur 1, lektora og dósentar

Röðun aðjunktur 1, lektora og dósentar í launaflokka er eins og sýnt er í töflu 2.1.

Tafla 2.1, launaröðun aðjunktur 1, lektora og dósentar í gildi frá 1. september 2023:

Aðjunktur 1, lektorar, dósentar		
Ranns.stig	Heildarstig	Lfl.
<270	<375	L09-0
270	375	L10-0
335	500	L11-0
400	625	L12-0
475	750	L13-0
550	900	L14-0
650	1050	L15-0
750	1200	L16-0
1000	1600	L17-0
1500>	2000>	L18-0

Röðun í launaprep 0-7 fer eftir stigum fyrir B, C, D, E, F og G hluta matskerfis opinberra háskóla, sbr. töflu 2.2. Röðun í launaprep ræðst af uppsöfnuðum stigum fyrir matsþætti þessa. Stigatalning samkvæmt töflu 2.2 kom fyrst til framkvæmda 1. september 2016 fyrir áunnin stig 2015.

Handwritten signature and initials in blue ink.

Tafla 2.2

Neðangreind tafla gildir frá 1. september 2023:

Launabrep							
0	1	2	3	4	5	6	7
<20	20	100	150	250	425	600	800

Á grundvelli mats og uppsafnaðra stiga skal færa aðjunkt 1, lektora og dósenta á milli launaflokka og launabrepa. Vegna þess skal árlega meta árangur í starfi m.t.t. einstakra starfsþátta skv. framtali starfa sbr. matskerfi opinberu háskólanna. Mati skal lokið fyrir 1. september ár hvert og gildir hækkun um launaflokk- og/eða launabrep frá sama tíma. Við röðun í launaflokk er heimilt að flytja allt að 10% af heildarstigum á milli matsþátta á rannsóknastig.

2.4.2 Launaröðun sérfræðinga, fræðimanna og vísindamanna/rannsóknalektora, rannsóknadósenta og rannsóknaprófessora

Þeir sem hlotið hafa ráðningu í ofangreind starfsheiti samkvæmt þessu ákvæði raðast í launaflokka innan nýrrar akademískar launatöflu eins og fram kemur í töflu 2.3 og í samræmi við rannsóknaskyldur þeirra, annars vegar er um að ræða 40% rannsóknaskyldu og hins vegar 60% eða hærri. **Lágmarksröðun í þessum starfsheitum er í L07-1.** Stig eru metin samkvæmt samræmdu matskerfi opinberu háskólanna.

Þeir sem gegna ofangreindum starfsheitum og taka að sér skilgreinda kennsluskyldu allt að 20% af starfsskyldum, skal raðað einu þrepi hærra en fram kemur í töflu 2.3 og lágmarksröðun þeirra vera L07-2. Hækka þeir eftir það um þrep sbr. töflu 2.4.

Tafla 2.3, launaröðun sérfræðinga, fræðimanna og vísindamanna/rannsóknalektora, rannsóknadósenta og rannsóknaprófessora:

40% Rannsóknastig	60%+ Rannsóknastig	Heildarstig	Röðun
		<200	L06-1
		200	L07-1
135	155	250	L08-1
270	320	375	L09-1
335	410	500	L10-1
400	500	625	L11-1
475	600	750	L12-1
550	720	900	L13-1
650	840	1050	L14-1
750	960	1200	L15-1
1000	1280	1600	L16-1
1500>	1600>	2000>	L17-1

Röðun í launabrep 1-8 fer eftir stigum fyrir B, C, D, E, F og G hluta matskerfis opinberra háskóla, sbr. töflu 2.4. Röðun í launabrep ræðst af uppsöfnuðum stigum fyrir matsþætti þessa. Stigatalning samkvæmt töflu 2.4 kom fyrst til framkvæmda 1. september 2016 fyrir áunnin stig 2015. Neðangreind tafla gildir frá 1. júní 2023:

Tafla 2.4

	Launabrep							
Án skilgreindrar kennsluskyldu	1	2	3	4	5	6	7	8
Með skilgreinda kennsluskyldu	2	3	4	5	6	7	8	
Lágmarksfjöldi stiga fyrir tilteknu þrepi	<50	50	100	150	250	425	600	800

Á grundvelli mats og uppsafnaðra stiga skal færa sérfræðinga, fræðimenn og vísindamenn á milli launaflokka og launabrepa. Vegna þess skal árlega meta árangur í starfi m.t.t. einstakra

GF
BZ

starfsþátta skv. framtali starfa sbr. matskerfi opinberu háskólanna. Mati skal lokið fyrir 1. september ár hvert og gildir hækkun um launaflokk- og/eða launaþrep frá sama tíma. Við röðun í launaflokk er heimilt að flytja allt að 10% af heilarstigum á rannsóknastig.

2.5 Vinnustundir umfram starfsskyldur

2.5.1 Yfirvinna. Hámark yfirvinnu kennara (sbr. tl. 2.4.1), sérfræðinga (sbr. tl. 2.4.2) og nýdktora (sbr. tl. 2.6) á ári er 200 klst. Tímakaup fyrir yfirvinnu er 1,0385% af viðkomandi mánaðarlaunum.

2.5.2 Kennsla umfram starfsskyldur. Starfsmanni er heimilt í samráði við yfirmann að kenna tímabundið umfram kennsluskyldu og flytja sem samsvarar allt að eins misseris yfirvinnu vegna kennslu á milli ára. Tímakaup fyrir kennslu umfram starfsskyldur, er fastur taxti 0,615% af launaflokki 14-0, þó ekki lægri upphæð en 0,615% af mánaðarlaunum viðkomandi.

2.5.3 Þak á fjölda vinnustunda umfram starfsskyldur. Þak á fjölda vinnustunda sbr. töflu 2.5.1 og 2.5.2 er að hámarki eins og fram kemur í töflu 2.5.

Tafla 2.5

Launaflokkar:	06	07	08	09	10	11	12	13	14	15	16	17	18
Stundir alls á ári:	648	648	540	540	540	540	540	540	468	468	420	420	420

2.6 Nýdktorar

Þeir sem ráðnir eru sem nýdktor, sbr. skilgreiningu á nýdktor sjá fylgiskjal 1, eiga kost á að fá störf sín metin samkvæmt matskerfi opinberu háskólanna og raðast þá til launa samkvæmt töflu 2.3. Lágmarksröðun nýdktora er í L06-1, nýdktorar raðast ekki í launaþrep sbr. töflu 2.4.

Fyrirvari með röðunarforsendum í launaflokka og launaþrep

Stofnanasamningur þessi miðast við matsreglur opinberra háskóla eins og þær eru við undirskrift samningsins. Ef endurskoðun á matsreglunum leiðir til breytinga á stigagjöf verða röðunarforsendur skv. töflum 2.1, 2.2, 2.3 og 2.4 endurskoðaðar af aðilum samningsins.

2.7 Vinnuskylda við kennslu og rannsóknir m.t.t. fæðingar- og foreldraorlofs, veikinda og slysa

1. Vinnuskylda á ársgrundvelli við kennslu, rannsóknir og stjórnun minnkar hlutfallslega vegna töku fæðingar- og foreldraorlofs eða fjarvista vegna veikinda og slysa. Þetta gildir óháð árstíma fjarvistanna.
2. Kröfur um rannsóknastig er byggja á rannsóknaframlagi undangenginna þriggja ára, minnka hlutfallslega.
3. Þröskuldur vinnumatssjóðs vegna rannsókna lækkar hlutfallslega.
4. Kennslustig eru veitt óháð fjarvistum af þeim toga sem hér um ræðir.

2.8 Líffræðilegir skaðvaldar, lífsýni og/eða eiturefni

Starfsfólk sem vinnur með líffræðilega skaðvalda, lífsýni og/eða eiturefni fá ígildi eins launaþreps í formi tímabundinnar þóknunar til allt að eins árs í senn. Rösktutt mat um hvaða efni unnið er með (t.d. lífrænir leysar, sýrur/basar o.s.frv.) skal fara fram með tilgreindu eyðublaði og þannig metið og tekin ákvörðun um af deildarforseta viðkomandi deildar og staðfest af forseta fræðasviðs. Breytist starfsskyldur viðkomandi, þannig að ekki sé lengur fengist við þessa ofangreindu þætti, fellur þóknunin niður.

Handwritten signatures in blue ink, including a large stylized signature and the letters "BL".

3. KAFLI

Starfsfólk við stjórnsýslu-, þjónustu- og sérfræðistörf, almenn launatafla nr. 695 (S)

3.1 Röðun starfa í launaflokka

Stjórnsýslu-, þjónustu- og sérfræðistörf eru metin til stiga samkvæmt starfsmatskerfinu SKREFi¹. Við röðun starfa samkvæmt starfsmati skal miða við að um sé að ræða viðvarandi/stöðugt verkvið. Því til viðbótar koma persónubundnir þættir sem metnir eru og ráðast af þeim einstaklingum sem gegna starfinu hverju sinni. Launaröðun starfsfólks í stjórnsýslu HÍ byggir á þremur þáttum, starfinu sjálfu, starfsmanninum sjálfum og uppsafnaðri starfsreynslu hjá Háskóla Íslands.

3.1.1 Starfið sjálft (starfsmat)

Grunnröðun starfa í launaflokka er í samræmi við starfsmat. Starfsmat fer fram samkvæmt starfsmatskerfinu SKREFi. Mat á starfi, ábyrgð og umfangi þess er framkvæmt af starfsmannasviði eftir starfslýsingu og nánari upplýsingum um starfið frá næsta yfirmanni þess. Nauðsynlegt er að starfslýsing liggi fyrir þegar ráðið er í starf.

3.1.2 Starfsmaðurinn sjálfur (menntun og reynsla)

Mat á einstaklingnum sem sinnir starfinu sjálfu er persónubundið mat á reynslu og menntun starfsmanns. Stigakvarðinn við mat á menntun er skilgreindur eftir lengd náms. Reynsla sem gerð er krafa um í auglýsingu er metin sem og viðbótarstarfsreynsla ef við á.

3.2 Launaröðun

Launaröðun samkvæmt starfs- og hæfnismati er eins og sýnt er í töflu 3.1. Röðunin byggist á samanlögðum stigum úr starfs- og hæfnismati.

Tafla 3.1. Launaröðun þeirra er falla undir SKREF, gildir frá 1. janúar 2024:

Heildar		
Stig	Lfi	þrep
<300	05	6
335	06	6
370	07	6
400	08	6
450	09	6
500	10	6
535	11	5
575	11	6
600	12	5
625	12	6
650	13	5
675	13	6
700	14	5
725	14	6
750	15	5
775	15	6
800	16	5
850	17	5
900	18	5
950	19	5
1000>	20	5

Handwritten signature and initials "BZ" in blue ink.

¹ Handbók um starfsmatskerfið SKREF má finna á heimasíðu Félags háskólakennara og í Starfsmannahandbók HÍ

3.3 Mat á menntun

Mat á menntun fer skv. 3. kafla handbókar SKREFs og er eftirfarandi en miðað er við hæstu menntunargráðu:

Gráða	Stig
Háskólapróf BA/BS – 180 ECTS einingar	95
Háskólapróf BA/BS – 240 ECTS einingar	125
Háskólapróf MA/MS/viðbótarmenntun - 120 ECTS einingar	180
Starfið krefst menntunar á tveimur sviðum	180
Doktorspróf	250

Annað nám og símenntun: Stakar einingar sem ekki hafa verið metnar í formlegu háskólanámi. Hverjar 10 einingar eru metnar til 2 stiga, allt að 90 einingum eða mest 18 stig. Stök námskeið sem gefin eru upp í stundum má safna saman og meta til stiga. Að jafnaði skal ekki meta eldri námskeið en 10 ára.

Starfsnám/símenntun:

Nám allt að 60 klst.	2 stig
Nám allt að 120 klst.	4 stig
Nám allt að 200 klst.	8 stig

3.4 Ársmat – uppsöfnun starfsreynsla hjá HÍ

Ársmat tengist árlegu starfsmannasamtali og yfirferð starfslýsingar. Ársmati fylgir árleg uppsöfnun stiga (7 stig á ári fyrir fullt starf) og kaupauki. Sækja þarf um ársmat fyrir 10. maí ár hvert og greitt er út 1. september á grundvelli starfstíma og starfshlutfalls. Starfsmannasamtöl eru eðlilegur vettvangur fyrir setningu markmiða og uppfærslu starfslýsinga og gerð er krafa um að starfsmannasamtal hafi farið fram og starfslýsing uppfærð þegar sótt er um ársmat í maí. Fjárhæð ársmatssjóðs er ákveðin út frá breytingum á launavísitölu og starfsmannafjölda frá maí til maí ár hvert. Breytingar á röðun í launaflokka á grundvelli árs mats taka gildi 1. september ár hvert.

3.5 Starfsheiti

Starfsheiti háskólamenntaðra starfsmanna hjá Háskóla Íslands sem raðast í launaflokka á grundvelli starfs- og hæfnismats eru eftirfarandi (Heimilt er að nota önnur starfsheiti ef þau eru lýsandi fyrir starfið):

Deildarstjóri	Rannsóknastjóri
Fjármálastjóri	Rekstrarstjóri
Forstöðumaður (gildir fyrir akademískar stofnanir og/eða samkvæmt reglum stofnunar)	Ritstjóri
Framkvæmdastjóri	Sviðsstjóri (í sameiginlegri stjórnsýslu)
Kynningarstjóri	Skrifstofustjóri
Lögfræðingur	Vefstjóri
Mannauðsstjóri	Verkefnastjóri
Námsráðgjafi	

3.6 Líffræðilegir skaðvaldar, lífsýni og/eða eiturefni

Starfsfólk sem vinnur með líffræðilega skaðvalda, lífsýni og/eða eiturefni fá ígildi eins launaþreps í formi tímabundinnar þóknunar til allt að eins árs í senn. Röktutt mat um hvaða efni unnið er með (t.d. lífrænir leysar, sýrur/basar o.s.frv.) skal fara fram með tilgreindu eyðublaði og þannig metið og tekin ákvörðun um af deildarforseta viðkomandi deildar og staðfest af forseta fræðasviðs. Breytist starfsskyldur viðkomandi, þannig að ekki sé lengur fengist við þessa ofangreindu þætti, fellur þóknunin niður.

4. KAFLI

Aðjunktur 2, tímabundin störf og nemendur

almenn launatafla nr. 695 (S)

4.1 Aðjunktur 2.

Heimilt er að ráða tímabundið til allt að tveggja ára án auglýsingar til starfa kennara með starfsheitið aðjunktur 2 í allt að 49% starf þar sem allt að 90% vinnuskyldu er kennsla og prófvinna.

Þá er heimilt að ráða í starfsheitið aðjunktur 2 í allt að 100% starfshlutfall, með sömu starfsskyldur, tímabundið eða ótímabundið, og skal þá starfið auglýst eftir þeim reglum sem um það gilda á hverjum tíma.

Launaröðun aðjunktur 2 fer almennt eftir menntun og starfsreynslu sbr. neðangreinda flokkun, tekur gildi 1. september 2023 hvað varðar launabrep vegna starfsreynslu:

	Launaflokkur	Eftir 1 ár í starfi	Eftir 3 ár í starfi
BA/BS	055	056	057
Viðbót við BA/BS, diplóma (60 ECTS)	065	066	067
MA/MS	075	076	077
DR	095	096	097

Aðjunktur 2 sem verið hefur samfellt í starfi a.m.k. tvö ár í 25% starfshlutfalli og hefur náð 50 stiga lágmarki í rannsóknum á þess kost að fá röðun sína endurskoðaða með hliðsjón af niðurstöðu mats skv. matskerfi opinberu háskólanna og tekur þá laun samkvæmt launatöflu A (696) til samræmis við neðangreinda töflu 4.1.

Tafla 4.1 vegna launaröðunar aðjunktur 2 sem taka laun samkvæmt launatöflu A (696):

Aðjunktur 2		
Ranns.stig	Heildarstig	Lfl.
<135	<250	L08-0
135	250	L09-0
270	375	L10-0
335	500	L11-0
400	625	L12-0
475	750	L13-0
550	900	L14-0
650	1050	L15-0
750	1200	L16-0
1000	1600	L17-0
1500>	2000>	L18-0

4.1.1 Líffræðilegir skaðvaldar, lífsýni og/eða eiturefni

Starfsfólk sem vinnur með líffræðilega skaðvalda, lífsýni og/eða eiturefni fá ígildi eins launaþreps í formi tímabundinnar þóknunar til allt að eins árs í senn. Rökstutt mat um hvaða efni unnið er með (t.d. lífræni leysar, sýrur/basar o.s.frv.) skal fara fram með tilgreindu eyðublaði og þannig metið og tekin ákvörðun um af deildarforseta viðkomandi deildar og staðfest af forseta fræðasviðs. Breytist starfsskyldur viðkomandi, þannig að ekki sé lengur fengist við þessa ofangreindu þætti, fellur þóknunin niður.

4.2 Tímabundin störf

Launaröðun starfsmanna sem ráðnir eru tímabundið á grundvelli rannsóknastyrkja, sumarstörf eða aðstoðarkennslu

4.2.1 Rannsóknarmaður I/Aðstoðarkennari, Skrifstofu- og eða þjónustustarf I

Starfar undir beinni stjórn yfirmanna sinna. Nýtir kunnáttu sína og menntun við úrlausn þeirra verkþátta sem honum eru faldir. Aðstoðarkennarar eru nemendur við Háskóla Íslands sem ráðnir eru kennara til aðstoðar.

4.2.2 Rannsóknarmaður II/ Skrifstofu- og eða þjónustustarf II

Starfar undir stjórn yfirmanna sinna og vinnur að stórum hluta sjálfstætt að úrlausn verkþátta.

4.2.3 Rannsóknarmaður III/ Skrifstofu- og eða þjónustustarf III

Hefur umsjón með og ber ábyrgð á ákveðnum verkefnum eða verkþáttum sem krefjast faglegrar hæfni og sérþekkingar.

4.2.4 Rannsóknarmaður IV/ Skrifstofu- og eða þjónustustarf IV

Starfar við skrifstofu-, grunn- og/eða þjónusturannsóknir. Hefur umsjón með viðamiklum verkefnum eða mörgum smærri verkefnum og ber faglega ábyrgð á þeim. Getur tekið þátt í kennslu eða leiðbeiningu á sínu fagsviði.

4.2.5 Grunnröðun.

Við grunnröðun starfa skal miða við BSc 180 ECTS.

Starfsheiti

Lágmarkslaunaflokkur

Rannsóknarmaður I/ Aðstoðarkennari/Skrifstofu- og eða þjónustustarf I	030
Rannsóknarmaður II/ Skrifstofu- og eða þjónustustarf II	040
Rannsóknarmaður III/ Skrifstofu- og eða þjónustustarf III	051
Rannsóknarmaður IV/ Skrifstofu- og eða þjónustustarf IV	071

4.2.6 Persónubundnir og starfstengdir þættir til viðbótar grunnröðun (menntun og reynsla)

Þessir þættir eru metnir til allt að 10 launaþrepa.

Menntun:

Launaþrep

BSc honour 240 ECTS	2
Meistarapróf – MSc eða sambærilegt	4
Doktorspróf – PhD eða sambærilegt	6

Aðrir þættir:

Launaþrep

Reynsla – 1 árs starfsreynsla	1
Reynsla – 3 ára starfsreynsla	1
Vinna við líffræðilega skaðvalda, lífsýni og/eða eiturefni	1

Grunnröðun er á bilinu 030 upp í 071. Persónubundnir þættir (menntun og reynsla) bætast ofan á grunnröðun mest 10 þrep. Hafi starfsmaður fullnýtt öll launaþrep í viðkomandi launaflokki hækkar hann upp um 2,5% fyrir hvert launaþrep sem hann ávinnur sér.

4.3 Meistara- og doktorsnemar

Meistara- og doktorsnemar eru nemendur að aðalstarfi, störf þeirra með námi eru að öllu jöfnu fjármögnuð af styrkjum eða sjálfsaflafé sem setur launasetningu skorður. Tryggt skal þó að röðun þeirra verði ekki lægri en launaflokkar 2 og 3. Við ráðningu skal meta starfshlutfall og/eða ráðningartíma m.t.t. fjárhæðar styrksins.

Lágmarksröðun:

Meistararnemar: 020

Doktorsnemar: 030

4.3.1 Líffræðilegir skaðvaldar, lífsýni og/eða eiturefni

Starfsfólk sem vinnur með líffræðilega skaðvalda, lífsýni og/eða eiturefni fá ígildi eins launaþreps í formi tímabundinnar þóknunar til allt að eins árs í senn. Rökstutt mat um hvaða efni unnið er með (t.d. lífrænir leysar, sýrur/basar o.s.frv.) skal fara fram með tilgreindu eyðublaði og þannig metið og tekin ákvörðun um af deildarforseta viðkomandi deildar og staðfest af forseta fræðasviðs. Breytist starfsskyldur viðkomandi, þannig að ekki sé lengur fengist við þessa ofangreindu þætti, fellur þóknunin niður.

Reykjavík, 20. desember 2023

Fyrir hönd Háskóla Íslands

Guðm. R. Jónsson
Ragnhildur Jónsdóttir
Jenny Jónsdóttir

Fyrir hönd Félags háskólakennara

Ball Þorir
Jens L. Hjörleifsson

Bókun 1

Kennsla, rannsóknir og stjórnun

Það er á valdi háskólaráðs að setja reglur um mat á kennslu og stjórnun til vinnustunda, hvað nánar felst í starfsþáttunum kennsla, rannsóknir og stjórnun og hlutfall þeirra starfa að heildarvinnutíma. Félag háskólakennara skal eiga fulla aðild að undirbúningi og gerð reglna hvað þessa þætti varðar. Breytingar á reglum um kennslu, rannsóknir og stjórnun skulu birtar með stofnanasamningi.

Bókun 2

Álag vegna tímabundinna þátta

Heimilt er að greiða álag ofan á dagvinnulaun þegar umfang/ábyrgð starfs breytist tímabundið vegna sérstakra verkefna. Næsti yfirmaður, starfsmannastjóri og viðkomandi starfsmaður skulu gera með sér samkomulag þar sem fram kemur hvaða ástæður liggja að baki álagsgreiðslum, kveðið er á um álagsprósentuna og það tímabil sem um ræðir. Við lok tímabilsins fellur álagið niður án fyrirvara. Álagsgreiðslur koma ekki í staðinn fyrir yfirvinnu. Dæmi um greiðslu tímabundins álags vegna sérstakra verkefna, sem ekki hefur verið tekið tillit til við skilgreiningu starfs:

- Verkefnastjórnun nýrra tímabundinna verkefna.
- Starf í nefndum eða starfshópum á vegum stofnunar eða deildar.
- Aukið álag vegna veikinda eða tímabundinna fjarvista samstarfsmanna.
- Starfsmönnum einingarinnar fækkar tímabundið.

Bókun 3

Viðbótarlaun

Heimilt er að greiða viðbótarlaun umfram reglubundin mánaðarlaun. Ákvörðun um greiðslu viðbótarlauna skal tekin af forstöðumanni og vera í samræmi við reglur fjármála- og efnahagsráðherra um greiðslur viðbótarlauna. Fjárhæð viðbótarlauna skal byggja á málefnalegum sjóðnarmiðum. Greiða má viðbótarlaun í allt að sex mánuði en ef tilefni er til er heimilt að framlengja greiðslu þeirra um þrjá mánuði í senn en þó aldrei lengur en í tvö ár samfellt.

Bókun 4

Endurskoðun á starfsmatskerfinu SKREF

Á samningstímanum verði unnið að nýju starfsmatskerfi fyrir starfsfólk í stjórnsýslu og stoðþjónustu í nánu samstarfi við Félag háskólakennara. Markmiðið með upptöku nýs kerfis er að einfalda ferlið, auka gagnsæi við launaákvörðanir og vinna að auknu launajafnrétti. Tillaga að nýju starfsmatskerfi skal liggja fyrir eigi síðar en 31. desember 2023 en að öðrum kosti verði hafin vinna við endurskoðun á núgildandi starfsmatskerfi (SKREF).

Bókun 5

Stofnanasamningur vegna Raunvísindastofnunar felldur úr gildi

Aðilar eru sammála um og lýsa því hér með yfir að þar sem Raunvísindastofnun Háskóla Íslands er nú rekin á sömu kennitölu og Háskóli Íslands gildi eftirleiðis stofnanasamningur Félags háskólakennara og Háskóla Íslands um þá félagsmenn sem starfa innan Raunvísindastofnunar. Þannig er stofnanasamningur Félags háskólakennara og Raunvísindastofnunar dags. 12. maí 2020 felldur úr gildi og gildir því stofnanasamningur þessi um alla félagsmenn Félags háskólakennara sem starfa hjá Háskóla Íslands.

Bókun 6

Eyðublað vegna líffræðilegra skaðvalda

Aðilar eru sammála um að eyðublað sem er forsenda tímabundinnar þóknunar skv. tölul. 2.8, 3.6, 4.1.1 og 4.3.1 verði tilbúið og aðgengilegt stjórnendum og starfsfólki frá og með 1. febrúar 2024. Greiðsla þóknunar tekur gildi frá og með næstu mánaðamótum eftir að samkomulag við viðkomandi starfsmann er gert.

ey
BZ

Fylgiskjal I

Skilgreining á nýdoktor

Nýdoktor er starfsmaður sem ráðinn er til rannsóknastarfa við háskóla á sérsviði sínu að afloknu doktorsprófi (PhD). Ráðningin er tímabundin og getur ekki varað lengur en sem nemur fimm árum frá doktorsprófi viðkomandi.

Pungamiðjan í starfi nýdoktors eru rannsóknir, markmiðið er að þær leiði til birtinga greina í ritrýndum fræðiritum og/eða til ráðstefna um rannsóknarefnið.

Nýdoktorar eru ekki akademískir starfsmenn í þeim skilningi að þeir séu ráðnir í starf að undangengnu hæfnismati. Störf nýdoktora eru yfirleitt kostuð af rannsóknarstyrkjum/sjálfsaflafé og er nýdoktorum gert að vinna sjálfstætt að rannsóknum sínum, þó gjarnan í samstarfi við akademískt ráðinn starfsmann.

Nýdoktorar fá störf sín metin samkvæmt matskerfi opinberra háskóla og byggir launaröðun þeirra á sömu mælikvörðum og launaröðun akademískra sérfræðinga í Félagi háskólakennara.

Þeir nýdoktorar sem ráðnir eru til starfa allt að 5 árum eftir doktorspróf skulu halda starfskjörum nýdoktors á ráðningartíma samnings, þó þannig að starfsheiti þeirra breytist og verður rannsóknasérfræðingur þegar liðin eru 5 ár frá doktorsprófi.

[Samráðsnefnd, janúar 2016]

Af gefnu tilefni skal tekið fram, að óski nýdoktor eftir mati samkvæmt matskerfi opinberu háskólanna, gildir hækkunin sem matið hefur í för með sér, frá mánaðarmótunum eftir að umsóknin berst Vísinda- og nýsköpunarsviði.

